

FORSETAÚRSKURÐUR

um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

Forsætisráðherra.

Katrín Jakobsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

Ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 3.–6. tölul., b–m-liðum 10. tölul. og 11. tölul. 2. gr. og mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 5. og 7. tölul. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra*.

3. gr.

Félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félagsmálaráðuneyti skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra*.

4. gr.

Fjármála- og efnahagsráðherra.

Bjarni Benediktsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

5. gr.

Heilbrigðisráðherra.

Willum Þór Þórsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

6. gr.

Innanríkisráðherra.

Jón Gunnarsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innanríkisráðherra*.

7. gr.

Innviðaráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skv. 1.–8. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innviðaráðherra*.

8. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Svandís Svavarsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1. og 7.–9. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*.

9. gr.

Mennta- og barnamálaráðherra.

Ásmundur Einar Daðason fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 1., 2. og 11.–17. tölul. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og barnamálaráðherra*.

10. gr.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Guðlaugur Þór Þórðarson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 6. tölul. 7. gr. og umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra*.

11. gr.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*.

12. gr.

Vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2. tölul. og a-, n- og o-liðum 10. tölul. 2. gr., mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 3., 4., 8.–10. og 18. tölul. 7. gr. og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skv. 9. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*.

13. gr.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 120/2018, um skiptingu starfa ráðherra, með síðari breytingum.

Gjört á Bessastöðum, 28. nóvember 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2021